

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá
fyrir bílastæðagjald í Reykjavík, nr. 337/2003.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Til að stuðla að uppbyggingu í miðborginni skal bílastæðagjald skv. gjaldflokki II (öllu húsnæði í miðborginni eins og hún er afmörkuð í aðalskipulagi Reykjavíkur) vera kr. 200.000 á stæði, tímabundið í 5 ár frá 16. maí 2008. Tekur gjaldið breytingum í samræmi við 2. mgr. 2. gr.

2. gr.

Breyting þessi, sem gerð er skv. heimild í 19. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkt í borgarráði 17. mars 2011, öðlast þegar gildi.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 17. mars 2011.

Jón Gnarr.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2011